



## **Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni**

Um aldir var náttúran Íslendingum yrkisefni; sögur og ljóð fylgdu fólkinu í landinu; fossar og fjöll bundin í rímaða texta.

Síðan komu meistarar málverksins og sýndu okkur ættjörðina á nýjan hátt; Jóhannes Kjarval mosavaxin hraunin, litla kletta sem skarta sínfóníu ólíkra lita.

Myndavélin varð svo hið öfluga tæki nýrrar túlkunar. Sumir ljósmyndaranna beindu henni jafnvel niður á við, að lófastórum blettum yfirborðsins og við blasti hið smáa, vísbending um abstrakt eðli náttúrunnar.

Er hægt í ljósi alls þessa að birta okkur Ísland með ferskri sýn og bæta við boðskap um Móður Jörð, hnöttinn sjálfan?

Það hefur Marco Nescher gert á einstakan hátt. Líkt og farfugl úr fjarlægri álfu hóf hann sig á loft og horfði í linsunni vítt yfir fjöll og jökla, eldfjöll og sandbreiður, stórfljót og víðáttur; fjarlægðin rennur saman við himininn.

Myndirnar sem bókin birtir eru, líkt og ljóðin forðum, málverkin og hljómkviðurnar, óður til lands sem er í senn okkar og af öðrum heimi; áminning um að sköpun jarðarinnar er ekki lokið, að náttúruöflin eru herradómur, kraftmeiri en öll tækniundur.

Um leið vekja myndirnar spurningar um framtíðina, ábyrgðina sem við berum, töfraheim sem börn allra alda þurfa að njóta.

Við sjáum Ísland líkjast Jörð sem fæðist, nýjum hnetti og skynjum um leið að sköpunarverkið er öllu æðra.